

LÖG

um breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (skilyrði um heildarjöfnuð og skuldahlutfall).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4., 5. og 7. gr. er ráðherra heimilt að víkja frá skilyrðum um heildarjöfnuð og skuldahlutfall hins opinbera í 7. gr. árin 2023–2025. Hið sama gildir ef endurskoða þarf fjármálastefnu fyrir þau ár, sbr. 10. gr.

Í umsögnum fjármálaráðs um þingsályktunartillögur fyrir þessi ár, sem ráðið sendir Alþingi, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 13. gr., skal lagt mat á hvort yfirlýst markmið stjórnvalda í opinberum fjármálum og framfylgd þeirra muni gera kleift að skilyrði í 7. gr. taki aftur gildi frá og með árinu 2026.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 2. desember 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.